



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# Frjálshyggjurnar: margar, ekki ein

Leiðtoganámskeið ESFL Kópavogi

Hannes H. Gissurarson 13. janúar 2018

# Frjálshyggja í einföldum orðum

- „Konungur eru misjafnir og því best að hafa engan“ (Einar Þveræingur)
- „Ég get sofið á næturnar, þótt öðrum gangi vel“ (Loftur Bjarnason útgerðarmaður)
- „Sjálfstæði er að sækja það eitt til annarra, sem maður getur borgað fullu verði“ (Júlíus skóari, reykvískur smákapítalisti)
- „Við gerum ekki þá fátæku ríkari með því að gera þá ríku fátækari“ (oft eignað Lincoln)

# Frjálshyggja í einföldum líkingum

- **Knattspyrnukappleikur:** Ríkið dómari og línuvörður, ekki keppandi
- Ríkið jafni ekki markatölu liðanna: Skori einhver mark, eigi hann og hans lið það
- **Kakan:** Tvær leiðir til að stækka litla sneið:
  1. Félagshyggja, jafnaðarstefna, sósíalismi, skerum af sneið annarra
  2. Frjálshyggja, stækkum kökuna út á við

# Jafnmargar frjálshyggjumönnum

- Frjálshyggjurnar jafnmargar frjálshyggjumönnum
- Sígid frjálshyggja: John Locke og Adam Smith
- Frjálshyggja okkar daga aðallega fimmpætt:
  1. Austurrísku hagfræðingarnir, Mises og Hayek
  2. Chicago-hagfræðingarnir, Friedman, Stigler, Becker
  3. Virginíu-hagfræðingarnir, Buchanan og Tullock
  4. Heimspekileg frjálshyggja, Mill, Popper og Nozick
  5. Skáldleg frjálshyggja, Rand

# Locke: Takmörkum valdið



- Mennirnir eru misjafnir; þess vegna verður að takmarka valdið
- Rétturinn til eigna frumréttur, til á undan ríkinu, ekki skapaður af því
- Afgirðing almenninga (enclosure of commons) réttmæt, ef kjör annarra versna ekki


# Smith: Stækkum kökuna

- Eins gróði þarf ekki að vera annars tap
- Kerfi getur verið skipulegt án þess að vera skipulagt
- Sjálfstýring möguleg í stað miðstýringar
- Verkaskipting og viðskipti tvær hliðar á hinu sama
- Samkeppni snýr ávinningsvon til almannaheilla




# Mill: Fullt frelsi einstaklinganna

- Frelsi mönnum nytsamlegt á þroskabraut þeirra
- Hugsunar- og málfrelsi nauðsynlegt vegna skeikulleika manna
- Ríkið skerði ekki frelsi nema í sjálfsvörn
- Ríkið skerði ekki frelsi til að vernda menn gegn sjálfum sér
- Fórnlambalaus brot séu þoluð




# Hayek: Nýtum þekkingu einstaklinga



- Miðstýring dæmd til að mistakast
- Dreifing þekkingar krefst dreifingar valds
- Samkeppnin þrotlaus þekkingarleit
- Virðing fyrir venjum getur farið saman við kröfuna um frelsi




# Popper: Minnkum bölið



- Vitum minna um, hvað sé hamingja en óhamingja eða böll
- Böll: Sjúkdómar, kúgun, misrétti, fátækt, stríð
- Einbeitum okkur því að því að minnka böll (neikvæð nytjastefna)
- Smáskammtalækningar frekar en holskurður á skipulaginu


# Friedman: Verð frekar en sverð



- Verðlagning í stað skattlagningar (leiðarstjarna í rannsóknum)
- Heimskreppan frá 1929–vegna mistaka í hagstjórn
- Fastar reglur í stað geðþóttaákvæðana
- Peningalegur stöðugleiki ómissandi í sjálfstýrðu hagkerfi


# Buchanan: Reglur í stað geðþótta

- Eiginhagsmunagæsla stýrir kjósendum, stjórnámálamönnum og opinberum starfsmönnum ekki síður en keppendum á frjálsum markaði
- Óheft almannaval getur leitt til óhagkvæmari niðurstöðu en einkaval
- Takmörkum seðlaprentunar- og skattlagningarvald ríkisins




# Nozick: Tekjudreifing samkvæmt vali

- Ríkið getur sprottið upp úr samningum án frelsisskerðingar
- Tekjudreifing samkvæmt frjálsu vali getur verið réttlát
- Til manna eins og þeir eru valdir; frá þeim eins og þeir velja
- Lágríkið rammi utan um ótal draumríki, sem menn stofna sjálfir



# Dæmið af Wilt Chamberlain

- Spekingar koma sér saman um réttláta tekjudreifingu  $T_1$
- Wilt Chamberlain kemur og leikur körfuknattleik gegn gjaldi til sín persónulega
- Menn flykkjast á leiki hans og greiða gjaldið fúslega
- Nú er komin ójafnari tekjudreifingin  $T_2$
- Hvar er ranglætið?



# Kibbutz: Sjálfvalinn sósíalismi

- Mill og Nozick ekki á móti sjálfvöldum sósíalisma
- Lágríkið rammi utan um ótal draumríki, þ. á m. sósíalisma, t. d. samvinnufélög og samyrkjubú
- Menn flytji saman í sín draumríki
- Enginn beittur nauðung!



# Rand: Sköpun, ekki sníkjulíf

- Skáldsögur metsölubækur
- *Uppsprettan*: Einstaklingurinn lætur hvorki almenning né auðjöfra segja sér fyrir verkum
- *Undirstaðan*: Hvað gerist, ef skapandi menn þreytast á að láta aðra lifa sníkjulífi á sér og flytjast brott?
- Menn geta flutt sundur ekki síður en saman




# Hvað um fátækt, kúgun, misrétti?

- Er frjálshyggja aðeins fyrir hvíta, hrausta, fullorðna karla?
- Nei! Frelsið er besta ráðið til að fjölga tækifærum fólks til að brjótast úr fátækt í bjargálnir
- Markaðurinn spyr ekki, hvernig bakarinn er á litinn, heldur hvernig brauðið er á bragðið
- Tvö ráð gegn fátækt:
  1. Félagshyggjan, að auðvelda fólki að vera fátækt
  2. Frjálshyggjan, að auðvelda fólki að komast út úr fátækt



# Frjálshyggja á Íslandi

- Jón Sigurðsson
- Arnljótur Ólafsson
- Jón Þorláksson
- Ólafur Björnsson
- Jónas H. Haralz
- Félag frjálshyggjumanna og Frjálshyggjufélagið
- SJP og RNH
- Almenna bókafélagið



# Frjálshyggja árið 2018

- Frjáls alþjóðaviðskipti (hnattvæðing) af hinu góða, hundruð milljóna Kínverja og Indverja brotist úr fátækt
- Stórar alþjóðastofnanir oft ekki nauðsynlegar, ESB lokað ríki frekar en opinn markaður
- Ríkið tekur miklu meira til sín en það þarf
- Samt ástæða til bjartsýni eins og Matt Ridley og Johan Norberg rökstyðja í nýjum bókum
- Óendanlegur sköpunarmáttur mannsandans

# Norberg flytur fyrirlestur um framfarir



# Gaman væri ...

- Ef einhver gerir stuttmynd um skáldsögur Ayns Rands á íslensku, notar viðtöl við hana á Youtube og fyrirlestra um hana á RNH-fundum
- Ef einhver gerir stuttmynd um bjartsýni, notar upptöku af Ridley og viðtöl við hann og Norberg á Youtube
- Ef einhver gerir stuttmynd um fiskveiðar, sjálfbærar og arðbærar, eins og á Íslandi, notar upptökur og viðtöl við Ragnar Árnason o. fl.
- Efnið er til: Það þarf að vinna úr því og dreifa því!

